

Við rekstur og meðferð málsins í hjerði athugast, að nokkur dráttur hefur orðið á því, sem eigi er nægilega rjettlættur af undirdómaranum, og að sökin er dæmd í aukarjetti, þó að henni væri stefnt fyrir lög-reglurjett og hún væri rekin fyrir tjeðum rjetti. Það virðist þó eigi ástæða til, að ónýta hinn uppkveðna dóm nje til þess, að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir málsmeðferðina. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Sigtryggur Þorgrímsson, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin málfutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 28/1890.

Hið opinbera  
gegn  
Einari Jónssyni.

D ó m u r :

Eptir að sóknarpresturinn í Staðarprestakalli í Grindavík hafði kært Einar hreppstjóra Jónsson í Gardhúsum fyrir óleyfilega brennivínssölu, með brjefi til hlutadeigandi sýslumanns, dags. 6. júní 1889, rannsakaði sýslumaðurinn málefni þetta, og dæmdi síðan hinn kærða í lögreglurjetti Kjósar-og Gullbringusýslu hinn 5. júlí-

mán. þ. á. sem sannan um sök fyrir óleyfilega brennivínssölu og með skírskotun til laga nr. 3, 10. febrúarmán. 1888, til að greiða 50 kr. sekt, er að hálfu falli til fátækra sjóðs Grindavíkurhrepps, en að hálfu til upp-ljóstursmanns, nefnlega ofanefnds sóknarprests, svo og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. — Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði af hálfu hins kærða og fyrir hönd hins opinbera.

Um sakarefnið eru þessir vitnisburðir í málinu: Páll Magnússon, er sjálfur einnig var kærður fyrir óleyfilega brennivínssölu og undirgekkst sektargreiðslu fyrir brotið, kvaðst vita til, að hinn kærði fengist við brennivínssölu og hafi hann óptsinnis keypt brennivín af kærða, síðast einn pela um krossmessuleytið 1889, og hafi pelinn kostað 25 aura. Magnús Magnússon (yngri) frá Akurbúsum hefur borið það fram, að hann hafi árið 1887 keypt 1 flösku af brennivíni hjá hinum kærða og borgað hana með 75 aurum. Stefán Bjarnarson hefur skýrt frá því, að hann í fyrra vetur hafi fengið hjá kærða  $\frac{1}{2}$  anker = 20 pt. af brennivíni, og hafi potturinn kostað 80 aura, en hann hafi greitt borgunina með kindum. Elís Eggertsson tjáist hafa fengið brennivín hjá kærða á árinu 1888, og hafi hann borgað pelann með 25 aurum. Klemens Jónasson tjáist einnig hafa fengið brennivín hjá kærða árin 1888 og 1889, og hafi hann borgað það aptur. Sæmundur Jónsson hefur borið það fram, að hann hafi óptsinnis fengið brennivín hjá hinum kærða og borgað það aptur í sömu mynt, og fyrir 20 árum hafi hann fengið hjá honum 2 flöskur af brennivíni, til þess að hafa þær til veitinga í skírnarveizlu, og hafi hann borgað þær með blautfiski eða peningum. Guðjón Jónsson hefur skýrt frá því,

að hann hafi fengið 4 potta af brennivíni hjá kærða 23. desembermán. 1888, og hafi hann síðar borgað það. Hann kveðst opt hafa fengið brennivín hjá kærða, sem er bróðir hans, stundum gefins, en stundum hafi hann borgað það aptur með sömu vöru, brennivíni, og einstöku sinnum með peningum. Höskuldur Jónsson hefur fyrir rjettinum borið það, að hann hafi tvívegis fengið brennivín hjá kærða og «borgað það í sama aptur». Tómas Guðmundsson hefur gefið þá skýrslu, að hann hafi við og við lánað brennivín hjá hinum kærða «upp á brennivín aptur». Öll framannefnd vitni hafa staðfest framburði sína með eiði, án þess þó að kærða væri gefinn kostur á, að vera við eidfestinguna, enda verður eigi heldur sjæð, að hann hafi fengið að kynna sjer vitnaframburðina. Kærandinn í málinu, sóknarpresturinn í Grindavík, hefur eigi verið látinn gefa skýrslu nje staðfesta kæru sína fyrir rjetti.

Hinn kærði hefur um viðskipti sín og Stefáns Bjarnarsonar skýrt svo frá, að hann hafi haustið 1888 keypt 2 vetur gamlar gimbrar af Stefáni, sem hann hafi ætlað að borga með peningum, 20 krónum, en Stefán hafi þá prábeðið sig um að láta sig fá brennivín, að minnsta kosti að nokkru leyti upp í kindaverðið. Fyrir þessa prábeidni Stefáns segist kærði hafa látið hann fá 20 potta af brennivíni eptir búðarverði (á 80 aura pottinn) upp í kindaverðið og að auki 4 kr. í peningum, og hefur Stefán kannazt við, að þessi skýrsla væri rjett. Annars hefur kærði þverlega neitað því, að hann hafi nokkru sinni selt brennivín fyrir peninga eða vörur, en hefur jafnframt kannazt við það, að hann hafi optsinnis eptir beidni lánað öðrum brennivín gegn því, að fá það aptur borgað in natura.

Þó að hinn ákærði á ofangreindan hátt hafi látið Stefán Bjarnarson fá 20 potta af brennivíni í viðskiptum þeirra, og reiknað honum það með búðarverði, og þó að hann fleirsinnis hafi lánað nágrönnum sínum brennivín gegn því að fá jafnmikið af sömu vöru aptur, þá verður þetta eigi kölluð verzlun með brennivín eða lögbönnuð brennivínssala, þar sem hann eigi hefur haft brennivínið á boðstólum og eigi afhent það til þess að græða á því. Með því það að öðru leyti eigi er sannað í málinu, með þingsvitni eða á annan löglegan hátt, gegn skýlausri neitun kærða, að hann hafi nokkru sinni selt brennivín — en hin einstöku kæru-atvik í máli þessu eru hvert um sig að eins sönnuð með framburði þess manns eins, sem í það og það skiptið tjáist hafa keypt brennivín af kærða — þá verður að dæma hann sýknan í sök þessari, eins og hún fyrir liggur. Allur kostnaður málsins bæði í hjerði og fyrir yfirdómi verður að greiðast af almannaafje, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það hefur orðið ærið mikill dráttur á rannsókn málsins og dómsuppsögn í hjerði, þó að eigi þyki alveg fullnæg ástæða til þess að láta undirdómarann sæta á-byrgð fyrir meðferðina á sökinni.

Rekstur málsins fyrir yfirdómi hefur verið lög-mætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Einar Jónsson, á að vera sýkn fyrir kæru hins opinbera í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, greið-

ist af almannaþje, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumanns Guðlaugs Guðmundssonar og landritara Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 22/1890.

Bæjarstjórn Reykjavíkur

(eigandi Laugarness)

gegn

H. Th. A. Thomsen (eiganda  
Bústaða).

#### D ó m u r :

Mál þetta er höfðað af bæjarstjórn Reykjavíkur sem eiganda jarðarinnar Laugarness í Seltjarnarneshreppi gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem eiganda jarðarinnar Bústaða í sama hreppi, út af ágreiningi um landamerki milli tjeðra jarða, og var það dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 28. júnímán. þ. á., svo, að landmerki milli jarðanna skyldu vera: úr Þrísteinum og í Bústaðaborg, úr Bústaðaborg bein stefna á fjallið Keili skekkjulaust til beggja hliða þar til þrýtur land Laugarness og Bústaða og tekur við Kópavogsland. Um dagpeninga og ferðakostnað sýslumanns og dagpeninga merkjadómsmanna var ákveðið í dómnum að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi greiða af þeim kostnaði 30 kr. 50 au., en kaupmaður H. Th. A. Thomsen 21 kr. 50 au. Annar málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 29. júlímán. þ. á. og